



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

Skútustaðahreppur

20. október 2021




Loftslagsbókhald - Samantekt

Ár

□ 2019

□ 2020

Kolefnisspor e. umfangi



Umfang	Flokkur umfangs	Kolefnisspor (kg CO ₂ íg.)
Umfang 1	Eldsneyti - Bruni	25.647
Umfang 2	Rafmagn	4.298
Umfang 2	Heitt vatn	14.584
Umfang 3	Vara & þjónusta - Kaup	511.746
Umfang 3	Eldsneyti - Framleiðsla & flutningur	6.205
Umfang 3	Vara & þjónusta - Flutningur & dreifing	132.663
Umfang 3	Úrgangur	35.362
Umfang 3	Viðskiptaferðir	7.214
Umfang 3	Ferðir starfsmanna til & frá vinnu	18.743
Samtals		756.461

Kæru Mývetningar! Veturinn farinn að sýna sig smávegis og framundan notalegir dagar eftir skíðaferð í Kröflu! Förum yfir það helsta sem er á döfinni hjá sveitarfélaginu.

Loftslagsmál: Greenfo greinir losun

Skútustaðahreppur hefur samið við nýsköpunar-fyrirtækið Greenfo um að kortleggja kolefnisspor innan sveitarfélagsins, en framtíðarsýn sameinaðs sveitarfélags er forystuhlutverk í loftslagsmálum, enda um stærsta sveitarfélag landsins að ræða, sem nær yfir um 12% landsins. Tekið verður tillit til beinnar losunar vegna reksturs sveitarfélagsins, samfélagslegrar losunar og losunar frá landi, sem er stærsti einstaki losunarvaldur á Íslandi, með um 60-70% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.

Flestir aðilar eru meðvitaðir um lítinn hluta af sínu kolefnisspori. s.s. losun vegna bruna á jarðefnaeldsneyti, orkunotkun og sorpi. Stærri hluti

kolefnisspors kemur hinsvegar jafnan frá virðiskeðju fyrirtækja og opinberra aðila vegna kaupa á vörum og þjónustu. Lausn Greenfo hefur þá sérstöðu að reikna kolefnisspor fyrir alla virðiskeðjuna, t.d varðandi matarinnkaup, framkvæmdir og akstur og flutninga.

Meira en 85% af kolefnisspori sveitarfélagsins kemur frá innkaupum og flutningi á vöru og þjónustu en einungis 5% frá bruna og framleiðslu jarðefnaeldsneytis. Hugbúnaðarlausn Greenfo býður upp á að taka gögn beint úr bókhaldskerfi sveitarfélagsins. Með lausn Greenfo fáum við áður óþekkta yfirsýn yfir kolefnisspor okkar. Við getum greint okkar kolefnisspor niður á einstaka rekstrareiningar og birgja. Með að fá heildaryfirsýn yfir okkar kolefnisspor, sjáum við hvar tækifæri eru til að draga úr okkar losun og getum forgangsraðað verkefnum m.t.t. til umhverfis og hagkvæmni og þannig mótað skilvirka loftslagsstefnu og -aðgerðir.

Vaxtarrými

Átta fyrirtæki hafa verið valin til að taka þátt í viðskiptahraðlinum Vaxtarrými, en um er að ræða fyrsta viðskiptahraðalinn sem fram fer á Norðurlandi. SSNE, SSSNV, Eimur og NÍN standa að hraðlinum. Allt koma þrjú af þessum 8 fyrirtækjum úr Mývatnssveit, en þau eru:

Mýsköpun

Mýsköpun snýr að tilraunaræktun á smápörungnum til að þróa og framleiða spirulina duft sem fæðubótarefni.

Plastgarðar

Plastgarðar þróa heyrúllupoka sem hægt er að nota ár eftir ár og skapa þannig hringrásarhagkerfi landbúnaðarplasts.

Mýsilica

Mýsilica framleiðir hágæða húðvörur úr náttúrulegum kísil ásamt öðrum steinefnum sem fyrirfinnast í nærumhverfinu. Fyrirtækið nýtir auðlindir sem eru í dag ónýttar og skapa þannig verðmæti.

Þá var fyrirtækið **Nægtarbrunnur Náttúrunnar** einnig valið til þátttöku, en það fyrirtæki hefur það að markmiði að þróa og hefja framleiðslu nýrra drykkjarvara úr staðbundnu hráefni Bárðardals, til dæmis grasöl og rabarbarafreyðivín.



Fjármálaráðstefna

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga fór fram á Hilton Reykjavík Nordica dagana 7. og 8. október 2021. Ljóst er að ýmsar áskoranir eru uppi í fjármálum sveitarfélaga í kjölfar Covid-19 og nýlegra kjarasamninga. Unnið er að fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps og er stefnt að samþykkt hennar í byrjun desember.

Refa- og minkaveiði

Áfram að umhverfismálum. Daði Lange, umhverfisfulltrúi Skútustaðahrepps hefur tekið saman fjölda veiddra minka (91) og refa (85) síðastliðið ár.

Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2021.

Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni. Við mat á umsóknum skal menningarfélaga Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð). Umsóknir skal senda á netfangið tillaga@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2021.

Slægjufundur 2021

Nú er loksins komið að því að hægt er að halda slægjufund eftir tveggja ára hlé vegna heimsfaraldar Covid 19. Fundurinn verður haldinn á fyrsta degi vetrar í Skjólbrekku laugardaginn 23. október og hefst kl 14:30. Það verður ýmislegt á dagskrá fyrir alla fjölskylduna og verður endað á glæilegu sameiginlegu veisluborði eins og Mývetningum einum er lagið. Nemendur Reykjahlíðarskóla verða með kökubasar frá kl. 13-14 sem er fjáröflun fyrir ferðasjóð. Því miður verður ekki dansleikur um kvöldið að þessu sinni en vonandi á næsta ári!



Skýrsla um lífríki og rannsóknir RAMÝ

Út er komin [skýrsla](#) Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) um lífríki Mývatns og Laxár og



Náttúrurannsóknastöðin
við Mývatn

rannsóknir á því síðasta árið. Skýrslan er yfirgripsmikil og óhætt að hvetja sveitunga til að glugga í hana!

Vetrarstarf eldri Mývetninga.

Formlegt vetrarstarf eldri Mývetninga hóf göngu sína á nú í byrjun október. Áfram eru það Þórdís Jónsdóttir og Ásta Price sam halda utan um starfið og Egill Freysteinnsson sér um aksturinn.

Dagskráin í vetur verður með svipuðu sniði og áður, á mánudögum er leikfimi með Ástu í ÍMS kl. 13:00 og á fimmtudögum kl. 13:00 í Skjólbrekku verður samverustund með Dísu og leikfimi með Ástu.

Athugið að samverustundin er í boði sveitarfélagsins og eru allir Mývetningar eldri en 60 ára velkomnir !

Ungmennaráð Skútustaðahrepps

Ertu 16- 21 ára? Viltu hafa áhrif? Viltu gæta hagsmuna ungs fólks í sveitarfélaginu? Viltu koma skoðunum og tillögum ungs fólks áfram í stjórnkerfi sveitarfélagsins? Viltu þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum og læra á stjórnkerfi sveitarfélagsins?

Sendu póst á starfsmann ráðsins alma@skutustadahreppur.is ef þú vilt taka þátt í áhugaverðu starfi í sveitarfélaginu þínu.



Hreyfing fyrir alla, konur og karla.

Námskeiðinu „Hreyfing fyrir alla, konur og karla“ sem var í boði Skútustaðahrepps lauk nýlega og var síðasti tíminn haldinn í Jarðböðunum þar sem öllum þátttakendum var boðið í bað, kærar þakkir til Jarðbaðanna. Einnig viljum við þakka ykkur sem mættuð en sérstakar þakkir fær Sonja Sif fyrir skemmtilegt, hvetjandi og fróðlegt námskeið.



Hrós dagsins

Hrós dagsins fær Sonja Sif Jóhannsdóttir fyrir frábært námskeið um hreyfingu! Sannarlega vel að verki staðið!

Góð hreyfing – Gulli betri!

Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri